

Hvort er hagstæðara tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi eða þróa eigið?



Þegar fyrirtæki er ekki með tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi er ýmist notast við pappír, excel töflureiknir eða “heimasmíðað” hugbúnaðarkerfi til að halda utan um viðhaldsverkefni í fyrirtækinu, sem ekki eru skilvirkar lausnir samanborið við Maintx:

- Að nota pappír er óskilvirkast og veitir litla möguleika á yfirsýn um hvernig unnt er að gera betur.
- Excel töflureiknar geta veitt traustar upplýsingar en til þess þarf að viðhalda og endurskoða þær stöðugt því ella er lítið gagn í þeim.
- Heimasmíðað viðhaldskerfi getur virkað vel ef upplýsingatæknideildin hefur nægan tíma til viðhalda gögnunum og fyrir hendi er stöðluð leið til þess færa inn og fylgjast með verkbeiðnum.

Þegar fyrirtæki hefur tekið ákvörðun um innleiða viðhaldsstjórnunarkerfi er næsta skref að ákveða hvort kaupa eigi tilbúið hugbúnaðarkerfi eða þróa eigið. Báðar þessar leiðir hafa ákveðna kosti og galla í för með sér, samanber eftirfarandi:

Sérsmíðað viðhaldsstjórnunarkerfi

Sérsmíðað kerfi er hugbúnaður sem er þróaður af þínum starfsmönnum eða af verktökum undir stjórn þinni og eftir þínum skilgreiningum. **Samanburður á kostum og göllum:**

- Helstu kostirnir við sérþróað kerfi geta verið aukinn sveigjanleiki, möguleikinn á að uppfylla mjög sérhæfðar þarfir, aðlögun að fyrirbyggjandi viðhaldsstarfsemi og góðar tengingar við aðrar hugbúnaðarlausnir í fyrirtækinu.
- Helstu gallanir við sérþróað kerfi er mikill kostnaður og óvissa um endanlegan kostnað, langur þróunartími, auknar líkur á að niðurstaðan verði ekki í samræmi við væntingar, þrengri og minna skapandi áherslur og ófullnægjandi skjölun þegar verið að hraða þróunni sem mest.

Tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi

Að kaupa tilbúið viðhaldskerfið til dæmis **Maintx** er valkostur sem meirihluti fyrirtækja velur fram yfir að þróa eigið kerfi. **Samanburður á kostum og göllum:**

- Óháð því hvernig staðið er að vali á slíku kerfi þá fylgja því margvíslegir kostir að kaupa tilbúið kerfi. Virkni kerfisins er þekkt, sem og viðmótið, kostnaðurinn er þekktur og verðið er almennt mjög hagstætt miðað við sérsmíði, engum tíma þarf að eyða í þróun, innleiðing (uppsetning) tekur yfirleitt örskamman tíma, byggt er á tækni sem er þrautreynd og kerfin eru nægjanlega sveigjanleg til þess að mæta þörfum þínum.
- Helstu rökin gegn tilbúnu viðhaldsstjórnunarkerfi eru þau að kerfi sem hentar einum viðskiptavini þarf ekki að falla þörfum næsta, sem getur leitt til vonbrigða, seinkunar á innleiðingu og óánægju notenda.

Niðurstaðan er sú að vel skipulögð og framkvæmd innleiðing á **tilbúnu viðhaldsstjórnunarkerfi** er yfirleitt alltaf mun hagstæðari leið en eigin sérsmíði og getur haft í för með sér afar mikil jákvæð áhrif á skilvirkni og árangur.

Tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi eins og Maintx getur auðveldlega borgað sig upp hratt með lækkun á kostnaði og meiri framléiðni.

www.maintx.is